

Hornstrandanevnd 30.5. 2023

Fundað var á teams og hófst fundurinn klukkan 16:00

Mættir voru Sölvi Sólbergsson, Ingvi Stígsson og Margrét Katrín Guðnadóttir f.h. landeigenda, Gauti Geirsson og Andea Harðardóttir f.h. Ísafjarðarbæjar og Kristín Ósk Jónasdóttir, f.h. Umhverfisstofnunar sem jafnframt ritaði fundargerð.

1. Verkefni sumarsins
 1. Brúin yfir Skorará – líklega farið 18. júní
 2. Göngustígar í Hornvík og Veiðileysufirði – sjálfboðaliðar í júlí
 3. Endurhleðsla varða. Kristín Auður Elíasdóttir fer í þetta verkefni með sjálfboðaliðum í lok júlí.
 4. Lagfæringar á Búðinni
 1. Skipt verðu um glugga og gler í sumar
 5. Bryggjan á Hesteyri
 1. Köfunarþjónustan setur upp nýja flotbryggju um leið og færi gefst til að sigla henni norður. Líklega farið 5. júní.
 1. Kynntar voru helstu athugasemdir sem höfðu heyrst að betra væri að færa bryggjuna innar m.a. að auðveldara væri að bæta aðgengi frá bryggju uppá göngustíg að Búðinni og Læknishúsinu.
2. Ný verkefni – úthlutun úr landsáætlun um uppbyggingu innviða árið 2023
 1. Brú yfir Staðará í Aðalvík – 1.100.000 Áttthagafélagið vinnur verkið
 2. Bætt aðstaða á tjaldsvæðum í Höfn og Hlöðuvík – 1.800.000
 3. Lagfæring á gönguleið um Kjaransvíkurskarð – 1.000.000
 1. Áningaborð, nýr kamar og pallur við salernishús – unnið í júní
3. Starfsemi sumarsins
 1. Starfsmenn á gestastofu og innan friðlands mikið til þeir sömu og undanfarin ár. Vésteinn, Pernilla, Lydía, Jón Bj. og Hjörleifur.
 2. Sveinbjörn Orri nýr starfsmaður á gestastofunni.
4. Talningar gesta - vegna mögulegrar þarfar á frekari stýringu
5. Aðalskipulag - rammahluti
 1. Ítrekaði óskir okkar um fund með bæjaryfirvöldum vegna vinnu við aðalskipulags, en enn hefur fundarboð ekki borist.
6. Uppfærsla aðgerðaráætlunar í stjórnar og verndaráætlun svæðisins. Ný aðgerðaráætlun er fyrir 2024-2029. Verklagið er að svæðasérfræðingur vinnur upp verkefnalista, að mestu leyti út frá ástandsmati svæðisins. Hornstrandanevnd fer svo yfir verkefnalistann og forgangsraðar verkefnum með sérfræðingi svæðisins. Gott væri að fá ábendingar frá landeigendum um verkefni sem eru aðkallandi.

Önnur mál:

Ingvi lagði til að landeigendur yrðu upplýstir um vinnu við nýja aðgerðaráætlun og þeim leiðbeint um hvernig þeir gætu komið ábendingum sínum á framfæri.

Fundi slitið klukkan 16:50.